



**AKSTUR  
UTAN VEGA OG  
MERKTRA  
SLÓÐA**

---

Ósnortin náttúra – auðlind Íslands

Kæri sleðafélagi!

Undanfarin ár hefur mikil og gagnleg umræða farið fram vegna umgengni um landið okkar og þá sérstaklega hálendið. Eins og við öll vitum hefur umferð Íslendinga og útlendinga aukist gífurlega.

Í lögum félags okkar, LÍV segir m.a. „stefna skal og stuðla að bættri umgengni um landið og halda því ósærðu. . . .“ Það er með þessi markmið í huga sem við tökum þátt í jákvæðum áróðri með samstarfsaðilum við útgáfu þessa bæklinga. Það er mikilvægt að við vélsleðamenn göngum á undan með góðu fordæmi. Einnig þurfum við að nýta okkur þann skilning og jákvæð viðhorf sem gætir í okkar garð hjá aðilum eins og Náttúruverndarráði og kemur fram á þessum síðum.

Höldum áfram að ganga vel um landið.

LÍV



Með fjallakveðjum,  
Landssamband íslenskra  
vélsleðamanna.

Ágæti ferðalangur!

Samtökin Ferðaklúbburinn 4x4 eru félag áhugamanna á fjórhjóladrifsbifreiðum. Markmið samtakanna er m.a. að ná til sem flestra er hafa áhuga á ferðalögum um landið og gefa gott fordæmi um umgengni og verndun landsins.

Jeppamenn: Látum öll landsþjöll heyra sögunni til. Útbúnaður fjórhjóladrifsbifreiða í dag er orðinn svo góður að það að valda náttúruspjöllum sýnir aðeins kunnáttuleysi viðkomandi til ferðalaga. Ferðaklúbburinn 4x4 hvetur alla ferðamenn til að vanda umgengni sína um náttúru Íslands.

Góða ferð.




## Lögmál ferðamannsins

Boðskap Náttúrverndarlaganna um umgengni má setja fram í 12 atriðum.


- 1 Göngum ávallt frá áningarstað eins og við viljum koma að honum.
- 2 Skiljum ekki eftir rusl á víðavangi né urðum það.
- 3 Kveikjum ekki eld á grónu landi.
- 4 Rifum ekki upp grjót né hlöðum vörður að nauðsynjalausu.
- 5 Spillum ekki vatni né skemmum lindir, hverir eða laugar.
- 6 Sköðum ekki gróður.
- 7 Truflum ekki dýralíf.
- 8 Skemmum ekki jarðmyndanir.
- 9 Rjúfum ekki öræfakýrrö að óþörfu.
- 10 Ökum ekki utan vega.
- 11 Fylgjum merktum göngustígum þar sem þess er óskað.
- 12 Virðum friðlýsingarreglur og tilmæli landvarða.

Náttúruverndarráð hefur friðlýst nokkur landsvæði. Þar er akstur utan vega alltaf bannaður. Akstur á jökli er þó undanskilinn, þar sem vegir eða merktir slóðar liggja að honum.




## Akstur við mismunandi aðstæður

Aðstæður til aksturs skipta sköpum um hvort landskemmd verður eða ekki. Akstur á frost- og snjólausu landi veldur yfirleitt meiri skaða en þegar land er frosið. Land er sérstaklega viðkvæmt þegar klaki er að fara úr jörðu. Gildir þá einu hvort farartækin eru bifreiðar, mótórhjól, fjórhjól, dráttarvélur eða önnur vélknúin ökutæki, sárin verða oft ljót.



### Akstur á frost- og snjólausu landi

Gæta þarf þess vel að fara ekki yfir gróðurlendi, einkum ef land er blautt. Spólför í brekkum mynda mjög oft vatnsrásir. Rof í þessum rásum getur orðið svo mikið að brekkan blæs öll upp. Mosi er mjög viðkvæmur og má sjá för í honum 50 árum eftir að ekið var síðast yfir hann.



### Akstur á frosnu landi og snjó

Akstur á frosnu landi og snjó veldur minni landskemmdum en þegar land er ófrosið eða autt. Umferð er takmörkuð á svæðum sem ætluð eru til annarskonar útivistar, t.d. á skíðasvæðum. Loks ber að viðhafa gát í grennd við vatn og þegar leysing er hafin. Akið aldrei yfir mosaþembu.

## Reglur um akstur utan vega

Úr reglugerð um náttúruvernd nr. 205/1973:

„Bannaður er allur óþarfa akstur utan vega eða merktra vegslóða, þar sem hætt er við að spjöll hljótist á náttúru landsins. Nauðsynlegum akstri á slíkum svæðum skal jafnan hagað svo, að engin óþörf spjöll eða lýti á landi hljótist af honum.“

„Náttúruverndarráð setur svæðisbundnar reglur um akstur ökutækja eftir merktum leiðum í óbyggðum.“

„Á áningarstöðum skal ávallt leggja ökutækjum á þeim svæðum, sem afmörkuð hafa verið eða merkt til slíkra nota. Óheimilt er að hrófla við hindrunum eða merkjum sem afmarka slík svæði, í þeim tilgangi að komast framhjá þeim.“

### Almennar umgengnisreglur

Hvar sem menn ferðast ber að virða þá meginreglu að skilja við landið eins og komið var að því. Allt rusl ber að taka og láta á þá staði sem eru ætlaðir fyrir slíkt. Olíuskipti eru aðeins leyfð á smurstöðvum eða þar sem unnt er að taka við afgangsolíu.

### Hvar gilda sérstakar reglur?

Undir öllum kringumstæðum ber að forðast akstur utanvega á FRÍÐLÝSTUM SVÆÐUM og á GRÓNU LANDI, sérstaklega MOSA og þar sem JARÐVEGUR er BLAUTUR. Sum sveltarfélög hafa einnig bannað allan akstur utan vega.

Hvert á að snúa sér?

Langflestir hlýða þessum reglum. Klúbbar áhugamanna hafa verið stofnaðir gagnert til að bæta umferðarmenningu á hálendinu en það er alltaf erfitt að hemja skussana. Sárin sem þeir valda geta orðið stór og djúp og gróið seint.

Á sumrin birtast kort Náttúruverndarráðs og Vegagerðarinnar í dagblöðum og sýna þau hvaða vegir eru opnir á hverjum tíma. Séu menn í einhverjum vafa skal þeim bent á VEGAEFTIRLIT VEGAGERÐAR RÍKISINS S: 91 21000 til að fá nákvæmari upplýsingar um færð.

Telji menn að verið sé að brjóta lög með akstri utan vega er sjálfsagt að láta viðkomandi lögregluflrvöld vita. Viðkomandi þarf þá að gefa upp númer á farartækinu, stund og stað.

Útgefendur bæklingins þakka eftirtöldum aðllum veittan stuðning við útgáfuna:

Áfengis- og tóbaksverslun ríkisins  
Búnaðarbanki Íslands  
Landsbanki Íslands  
Landvernd  
Lögreglustjórinn í Reykjavík  
Náttúruverndarráð  
Sjóvá-Almennar tryggingar hf.  
Vegagerð ríkisins



**Útgefendur:**

**Náttúruverndarráð**

**Vegagerð ríkisins**


**Landssamband íslenskra véisleðamanna**

**Lögglustjórinn í Reykjavík**

**Ferðaklúbburinn 4x4**

**Slysavarnafélag Íslands**

Lbs - Hbs *lbs*



100532733 - 0